

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

*Heiðarbyggð 35, deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 21. febrúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fristundabyggðarinnar Heiðarbyggðar í landi Geldingsár. Í breytingunni felst að skipulagsskilmálum er breytt á eftirfarandi hátt: Á lóðinni Heiðarbyggð er heimilt að byggja 150 fm hús með 131,9 fm yfirbyggðri verönd. Þak hússins skal vera flatt og hæsti punktur á þakvirki 4 m yfir landhæð við aðalinngang austan hússins. Byggingarreitur á lóðinni er 25 m í norður-suður stefnu en óbreyttur frá eldra skipulagi í austur-vestur stefnu.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 13. júní 2023,*

**Sigríður Kristjánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. júní 2023